

# Upplýsingar varðandi úthlutun úr Landbótasjóði Fljótsdalshrepps

## ALMENNT

Sjóðurinn er sjálfsseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 og skipulagsskrá sem staðfest er af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 26. sept. 2003. Sjóðurinn er stofnaður af Fljótsdalshreppi fyrir framlag Landsvirkjunar skv. samningi sveitarfélagsins við fyrirtækið þar um, dags. 28. janúar 2003. Sjóðnum er ætlað að vinna að uppgræðslu og landbótum vegna skerðingar og rýrnunar gróðurlendis í Fljótsdalshreppi sem varð vegna byggingar og reksturs Kárahnjúkavirkjunar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að veita framlög og standa fyrir uppgræðslu og landbótum innan núverandi sveitafélagsmarka Fljótsdalshrepps.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða eigið fé sjóðsins við úthlutun úr honum um allt að 6 % árlega. Óheimilt er að nýta tekjur eða eignir sjóðsins til annara verkefna en **landgræðsluverkefna** (sbr. 8. grein í skipulagsskrá) í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins.

## ÚTHLUTUNARREGLUR

Við ákvörðun um styrkveitingar er lögð áhersla á eftirfarandi:

- Stöðvun jarðvegsrofs og gróðureyðingar
- endurheimt og styrking staðargróðurs
- Að landnýting verði sjálfbær
- Binding kolefnis í gróðri og jarðvegi

Ekki eru veittir styrkir við endurræktun á grónu landi

## ATHUGIÐ SÉRSTAKLEGA

Við afgreiðslu umsókna er tekið tillit til markmiðs verkefnisins, að það sé skýrt og grein gerð fyrir því landi sem vinna skal á og hvar það sé (ekki þarf þó að skýra frá þessu árlega ef unnið er á sama svæði og árið áður). Einnig skal fylgja með greinargóð kostnaðaráætlun þar sem allir kostnaðarliðir koma fram, skilmerkilega sundurliðaðir (um er að ræða **áætlun** um hverjir kostnaðarliðirnir eru og hvað **áætlað** sé að hver liður kosti). Sjóðstjórnin áskilur sér rétt til að breyta upphæð kostnaðarliða séu þeir ekki í samræmi við raunvirði. Ef umsóknir í sjóðinn eru umfram leyfilega úthlutun ársins verður að haga henni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast. Aðeins er úthlutað til lögbýla í Fljótsdalshreppi.

Þau verkefni sem styrkt eru verða undir forsjá og á ábyrgð styrkþega og verða þeir framkvæmdaðilar verksins. Stjórn Landbótasjóðsins hefur eftirlit með framvindu verkefna og metur árangur. Styrkþegar fá greiðslu vegna áburðarkaupna gegn framvísun reiknings og styrkurinn greiddur að fullu eftir að úttekt hefur farið fram.